

Þroskamat 6 mánaða

Ef barnið getur ekki **eitt atriði** í viðkomandi þroskamati en engar aðrar áhyggjur eru til staðar, er yfirleitt nóg að gefa ráðleggingar og athuga nánar í næstu heimsókn nema annað sér tilgreint í leiðbeiningum í töflu. Ef barnið getur ekki **tvö atriði eða fleiri** þarf að huga vel að öðrum þáttum og vísa áfram til barnalæknis eða annarra sérfræðinga til nánari athugunar.

	Lýsing	Framkvæmd/lýsing	Úrlausn ef frávik
Gróf-hreyfingar	Veltir sér af baki yfir á maga	Barnið er lagt á bakið á skoðunarbekk eða þétt undirlag og fylgst með hvort það geti velt sér sjálfst yfir á magann (eða upplýsingar frá foreldrum)	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (8 mán) *
	Hjálpar til við að setjast upp	Barnið liggur á bakinu. Látið barnið grípa um fingur, takið utan um hendur þess og togið það upp í sitjandi stöðu. Fylgst er með hvort barnið hjálpar til við að setjast upp með því að toga sig fyrst upp með handleggjum og láti höfuðið síðan fylgja með	Tilvísun til sjúkráðgjafara og e.t.v. barnalæknis
Fín-hreyfingar	Flytur hluti milli handa	Réttið barninu hringlu eða annað lítið leikfang í aðra höndina. Fylgst er með hvort barnið geti flutt hlutinn yfir í hina höndina án þess að setja hann fyrst í munninn. Athuga þarf hvora hönd fyrir sig	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (8 mán) *
Samskipti og leikur	Vill láta taka sig upp	Fylgst er með hvort barnið teygir upp hendur til foreldris til að láta taka sig upp. Ef ekki, er talað til barnsins þegar það situr eða liggur á baki og hendur réttar í áttina til þess eins og eigi að fara að taka það upp. Athugað er hvort það svarar með því að rétta fram hendur á móti. Gerist þetta ekki er athugað hvort barnið gefur til kynna eftirvæntingu um að verða tekið upp með öðrum viðbrögðum, svo sem auknum hreyfingum útlima	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (8 mán)
Vitsmuna- og málþroski	Bablar	Hlustað er eftir babli hjá barninu þar sem bæði koma fyrir sér- og samhljóð. Þetta geta verið samsett hljóð þar sem sama málhljóðið er endurtekið (t.d. ama, aba) eða atkvæði skeytt saman (s.s. ma-ma, ba-ba, mí-mí). Barnið notar hljóðin reglulega og endurtekið eins og til að tjá sig og „tala“ við fólk, sérstaklega við sína nánustu	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (8 mán)**
	Litast um eftir leikfangi sem það missir	Fylgst er með hvort barnið lítur eftir leikfangi eða hlut sem dettur niður á gólf. Þetta má athuga sérstaklega með því að vera með hlut úti við borðbrún nálægt barninu (skeytið eða annað sem heyrir í þegar það dettur), vera viss um að barnið sé að veita hlutnum athygli (t.d. með því að banka honum í borðið) og láta hann síðan falla á gólfið. Fylgst er með hvort barnið fylgir hlutnum eftir með augunum eða lítur greinilega niður eins og til að leita eftir hlutnum	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (8 mán)

* Ef barnið getur ekki enn við 8 mánaða aldur þá vísa til sjúkráðgjafara og/eða barnalæknis

** Ef ekki til staðar við 8 mánaða aldur þá vísa í heyrnarmælingu, til HNE-læknis og/eða barnalæknis